29.

# Jón Jónsson frá Hlíðarenda.

var fæddur í Óseyrarnesi 7. ágúst 1850, og því nærri 95 ára að aldri nú, er hann lézt, 10. þ. m., að heimili sínu Grettisgötu 63.

Foreldrar hans voru ekkjumaðurinn Jón Sturlaugsson á Skipum (föður-faðir minn) og Margrét Jónsdóttir, systir Einars „borgara" á Eyrarbakka, föður Sigfúsar organista; voru þau bæði komin af sonum Bergs Sturlaugssonar í Brattsholti, þeim Jóni og Ingimundi (sbr. Bergsætt Guðna mag. Jónssonar).

... átti sína líka að manngæðum og grandvarleik öllum til orða og athafna. Minningin um hann mun lengi geymast



... mannastétt landsins, er fáa í heiðri meðal hinna mörgu manna, er þekktu hann rétt. Hin langa ævi hans var lengstum láni prýdd. Þótt eitthvað blési á móti, eins og gengur og gerist meðal flestra manna og varðaði það aðeins sjálfan hann en eigi aðra, lét hann sér það í léttu rúmi liggja, því lund hans var jafnan lipur og létt, enda ætlaði hann engum manni illt og bjóst ekki við öðru, en að allir aðrir væri eins og hann var sjálfur, hreinn í huga, vandaður og trúr í störfum sínum og tryði á mátt hins góða til þess að leiða allt til farsællegra lykta; ævi hans leið því þannig öll og lyktaði vel.

Blessuð sé minning Jóns frá Hlíðarenda og Þórunnar, konu hans, meðal allra góðra og sannra Íslendinga. Þökk sé þeim fyrir dáðrík störf og dyggðum prýdda háttsemi, er þau jafnan sýndu og sem varð svo mörgum mönnum og dýrum til mikils gagns og gleði í lífi þeirra.

Reykjavík, 17. apríl 1945.

**Jón Pálsson.**

8. maí 1945

ALÞÝÐUBLAÐIÐ

## Minningarorð:

# Jón Jónson frá Hlíðarenda

ÞANN 17. april s. l. var til moldar borinn, að Hjalla í Ölfusi, Jón Jónsson, fyrrum hreppstjóri og stórbóndi á Hlíð arenda þar í sveit.

Ættar og æviferils Jóns hefir verið að nokkru minnst í blöð-



þær rúmlega 20 vertíðir, sem ég var háseti hjá honum.

Formaður lék jafnan á als oddi, hamaðist við vinnuna svo fáir stóðu honum á sporði. Brygðist aflinn dag og dag, raskaði það aldrei glaðlyndi Jóns, en þegar komið var til búðar að kvöldi eftir mislukkað ann dag var viðkvæði hans, „Höfum við nú tekið að okkur að vera lægstir í dag drengir“ Svo var ekki meira um það, en tekin var upp sama lífsgleð in og áður. Hásetar Jóns voru margir dugandi menn. Frá hon um byrjuðu formennsku ýmsir merkustu formenn austan fjalls, og þar á meðal Háeyrarbræður og sjógarpurinn „Magnús í hús inu“ á Eyrarbakka o. fl.

Á þeim árum, sem Jón á Hlíð arenda var í broddi lífsins, var fjölbyggt í Ölfusinu. Kotin mörg og smá og efni bænda lít il. Þröngt var í búi hjá mörgum, þegar leið á þorrann. Þegar tók að fiskast í Þorlákshöfn færð ist líf í allt nágrennið. Nýmet ið úr „Höfninni“ bjargaði mörg um frá volæði og skorti. Hlut irnir úr Þorlákshöfn voru drjúgt búsílag hjá mörgum og því drýgri, sem hann var hærri. Margir Ölfusingar voru hásetar hjá Jóni á Hlíðarenda að stað aldri, naut sveitin því mikils góðs af formennsku hans og aflabrögðum. Það mun hafa verið hárrétt hjá föður mínum, sem var bjargálna bóndi í Ölf usinu, þegar hann sagði að Jón á Hlíðarenda væri þarfasti mað ur, sem í sveitina hefði komið um langan aldur. Aflasæld hans, heppni í sjósókn og formennsku var tvímælalaust ein af megin stoðunum undir afkomu fé lítilla háseta hans í sveitinni.

Það er yfirlætislítil athöfn að hola í moldina aldurhnignum manni, en Jóni á Hlíðarenda fylgir óblandin aðdáun og þökk okkar gömlu hásetanna hans fyrir þann ómetanlega þátt, sem aflamennska hans og far sæld í formennsku átti í lífsaf komu okkar. Jón á Hlíðarenda gaf Þuríði formanni, þá korn ungur Maríufiskana sína og þá að launum blessun og fyrirbæn ir þeirrar merkiskonu. Þær fyr irbænir rættust vel á honum. Lengi mun nafn Jóns á Hlíðar enda verða tengt við veiðistað ina í Þorlákshöfn og bera þar flestum nöfnum hærra, þótt þaðan hafi löngum sótt sjó, hið mesta kappa val.

**Gamall háseti**